

Hvalfjarðarsveit
Innrimel 3
301 Akranes

Garðabær, 31. janúar 2024
Málsnúmer: 202312-0033
IAS

Efni: Deiliskipulag fyrir Narfabakka úr landi Narfastaða í Hvalfjarðarsveit, kynning á tillögu

Við er í tölvubréf frá Hvalfjarðarsveit í gegnum skipulagsgátt, dags. 20. desember 2023, þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um tillögu að nýju deiliskipulagi fyrir Narfabakka úr landi Narfastaða í Hvalfjarðarsveit.

„Narfabakka (L203959) í Hvalfjarðarsveit var skipt út úr jörð Narfastaða og er á svæði sem skilgreint er sem landbúnaðarsvæði (L3) og að hluta til athafnasvæði í Aðalskipulagi Hvalfjarðarsveitar 2020-2032. Á Narfabakka er stefnt að fastri búsetu og nú þegar er unnið að uppbyggingu endurnýtanlegra orkugjafa. Ekkert deiliskipulag er til af svæðinu. Gerð nýs deiliskipulags kemur til með að taka á þeirri uppbyggingu sem áætluð er á landinu. Gert er ráð fyrir 7 íbúðarhúsum, skrifstofuhúsum, og gróðurhúsum tengdri þeirri starfsemi sem nú þegar er á landinu auk þess að nýta landið fyrir ferðaþjónustu og sem beitiland. Þá er stefnt að uppbyggingu lítilla vindhverfla á svæðinu til raforkuframleiðslu og uppbyggingu atvinnuhúsnæðis til hreinlegrar athafna- og iðnaðarstarfsemi s.s. þróunar- og framleiðslu í tæknigeiranum.“

Náttúrufræðistofnun Íslands hefur kynnt sér tillöguna, en um er að ræða svæði sem ekki er innan verndarsvæða eða svæða sem njóta sérstakrar verndar. Samkvæmt vistgerðakorti flokkast svæðið að mestu sem mosamelavist sem hefur lágt verndargildi og svæðinu hefur þegar verið raskað að einhverju leyti. Náttúrufræðistofnun gerir því engar athugasemdir við tillöguna á þessu stigi málsins.

Virðingarfyllt,

Ingvar Atli Sigurðsson

Ingvar Atli Sigurðsson
jarðfræðingur

